

**Læknastöðin Orkuhúsinu, Urðarhvarf 8 A inngangur.
Sími 520 0100**

**AXLARADGERÐIR STÆRRI T.D MED
SINASAUM,LÐHLAUPS-ADGEÐRIR OFL.**

Þegar þú kemur á deildina þarftu að vera fastandi og hafa farið í sturtu um morguninn.

Þá fer fram skoðun skurðlæknis og svæfingalæknis og öxlin merkt.
Að lokinni aðgerð ferð þú um stund á uppvöknunarherbergi. Stundum er þörf á leiðbeiningum sjúkraþjálfara eftir aðgerð

Hreyfing: Nokkur munur er á leyfðri hreyfingu eftir umfangi aðgerðar. Algengast er að vera alveg í fatla í 4-5 vikur, þó er leyfilegt að liðka olnbogann - rétta og beygja - 3 til 4 sinnum á dag. Byrja í sjúkraþjálfun eftir um 4 vikur frá aðgerð. Byrja rólega, reikna með sjúkraþjálfun í 2-3 mánuði.

Verkir: Eru algengir fyrstu dagana. Best er að sofa í hálsitjandi stöðu fyrstu næturnar og nota kælingu ca 20 mín í einu. Læknir þinn lætur þig hafa lyfseðil á verkjalyf. Muna að taka verkjalyf áður en deyfing fer úr handlegg svo þau virki betur.

Umbúðir: Taka umbúðir af eftir ca viku. Þá mátt þú fara í sturtu, setja síðan sótthreinsaðar umbúðir yfir (fást í apótekum). Ef blætt hefur í umbúðir, eða þær blotnað, þarf að fara í heilsugæslustöð til að láta skipta.

Saumar: Oftast skiptir skurðlæknir sjálfur á sárinu e viku oftast þarf ekki saumatöku. Umbúðaskipti er á heilsugæslustöð eða hjá aðgerðarlækni. Áður en þú ferð af læknastofunni ræðir læknir þinn við þig og og ákveður hvort eða hvenær sé þörf á að þú hittir hann að nýju.

Hætta, þó lítil sé, er á fylgikvillum við allar aðgerðir t.d. blóðtappi, hiti, sýking, blæðing, taugaskaði, verkir ofl.

Ef eitthvað ofangreint ber að höndum þá átt þú að hafa beint samband við læknastöðina á dagvinnutíma eða bráðadeild eða læknavakt utan dagvinnu.

**Óskum þér góðs bata, starfsfólk Læknastöðvarinnar Orkuhúsinu,
Urðarhvarfi 8 203 Kópavogi**

Sími 899 9941	<u>Næsta viðtal</u>
Ágúst Kárason bæklunarlæknir orthopaedic surgeon	daginn kl.
Tímappantanir virka daga 10 til 16 s. 520 0150	